

Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um kostnað við utanlandsferðir.

Frá Ásmundi Einari Daðasyni.

1. Hversu margar utanlandsferðir voru farnar á vegum ráðuneytisins og stofnana þess fyrstu níu mánuði þessa árs? Til hvaða lands eða landa var farið og í hvaða erindum?
2. Hver var heildarkostnaður ráðuneytisins og stofnana þess vegna fargjalda og greiddra dagpeninga fyrstu níu mánuði ársins, sundurliðað eftir ráðuneyti og stofnunum?

Skriflegt svar óskast.